




Lífgeislur

TÍMARIT UM LÍFSAMBÖND VIÐ AÐRAR STJÖRNUR 51.TBL. 11. ÁRG. ÁGÚST 1985



Maðurinn er í svefni magnaður eða „hlaðinn“ af tilgeislandi krafti, og að vísu fylgir þeim krafti vit.

Helgi Pjeturss.

Úr furðuheimi vetrarbrautanna

(Sjá forsíðumynd)

Ýmsar vetrarbrautir hafa tekið á sig hina furðulegustu og fjölbreyttustu lögun. Á meðal slíkra er vetrarbraut sú, er prýðir forsíðu þessa heftis, og ber skrásetningarmarkið NGC 2523.

Hér er um þyrilvetrarbraut að ræða af þeirri gerð, sem kallast bjálkavetrarbraut (Barred Galaxy, Galaxie Barrée, Balkenspirale, eftir því hvaða tungumál eiga í hlut).

Bjálkavetrarbrautir eru afbrigði venjulegra þyrilvetrarbrauta og allfrábrugðnar þeim að því leyti, að miðkjarninn myndar einskonar öxul eða bjálka og út frá hvorum enda hans ganga sveigðir stjörnusveipir eða taumar í tvær gagnstæðar áttir, og eru mjög misjafnlega langir.

Hér sýnir myndin einkennilega lagaða bjálkavetrarbraut, þar sem aðalarmarnir tveir ná alveg saman, og mynda þannig heilan hring umhverfis og raunar alllangt utan við aðalkjarna bjálkans. Út frá þessum hring ganga svo margir smáarmar, sem allir vísa þó einkum til sömu áttar miðað við snúningsstefnu vetrarbrautarinnar allrar. Þessir smáarmar eru þó nokkuð óreglulegir að útliti.

Með sanni má segja að vetrarbraut þessi sé í meira lagi sérkennileg ásýndum en fögur er hún og áhugaverð.

Hafa ber í huga að her ein vetrarbraut er samsafn gífurlega mikils fjölda sólstjarna, hundraða eða tugþúsunda milljóna samtals, sem geisla frá sér birtu sinni út í óendanlegar víðáttur geimsins.

Og sú spurning hlýtur að vakna í brjóstum okkar, hvort ekki muni vera einhver tilgangur með þessu miklu alheimssmíði. Hvar er lífið sjálft í þessari heimsmynd? Er lífið áhrifalaust, eða er það e.t.v. frumkraftur og frumorsök allrar sköpunar og allrar þróunar í alheimi? Helgi Pjeturss segir: „Lífið er kraftur, sem brýst fram í alheimi efnisins, í þeim tilgangi að skapa fram til sífellt æðri fullkomunar“.

Ingvar Agnarsson.

Aðalheimild: La nouvelle astronomie eftir Jean-Claude Pecker.

HÁSKINN MIKLI

*Draumavitrun Úlfs Ragnarssonar læknis,
skrásett af Ingvari Agnarssyni.*

I

Hið mikla hlutverk — björgun mannkyns

NORÐURLJÓSIN FÖGRU

Ég þóttist vera úti staddur ásamt mörgu fólki öðru, þar á meðal var kona mín og dóttir, og mér þótti við vera stödd í Reykjavík eða öllu heldur rétt utan við hana, þ.e. uppi í Heiðmörk. Þetta var um kvöld og allur himininn logaði af norðurljósum og munu þau hafa verið allmiklu bjartari en á okkar tíma gerist. (Þetta gæti bent á sólgos af óvenjulegri stærðargráðu).

AFSTAÐIN KJARNORKUSTYRJÖLD

Allir voru nokkuð kvíðafullir og vorum við að ræða saman um liðna viðburði og hvernig unnt yrði að mæta atburðum þeim, sem framundan væru. Þótti mér miklar hamfarir vera hjá liðnar og kjarnorkuvopn verið notuð vegna rangra viðbragða. Mér fannst eins og eitthvað hefði gerst sem væri af ófyrirsjeðum náttúrlegum orsökum e.t.v gos á sólinni, rykský ígeimnum sem jörðin lenti í, truflun á segulsviði hnattarins og pólarnir hefðu víst hlaupið eitthvað til. En vegna mistúlkunar héldu Bandaríkjamenn eða Rússar — eða báðir — að um vísvitandi styrjaldaráform væri að ræða og skutu kjarnaflaugum hvor á annan, þannig að eyðilegging varð ægileg á af-

mörkuðum svæðum en *eftir ástæðum* tiltölulega lítil annarstaðar þar sem flóð, stormar og jarðhræringar gerðu meiri usla en geislunaráhrifin. Mér fannst einsog geislavirkt úrfelli hefði verið tiltölulega lítið — sennilega „hreinar“ sprengjur verið mest notaðar. Væru nú allmikil svæði í Evrópu í rúst og mannlaus en þó væri ástandið enn verra í Ameríku. Væru nú engar samgöngur við Ísland. Ekki mundi þó verða hér hungursneyð á næstunni, því til væri hér mikið af óseldri skreið, sem mundi endast lengi til matar. Auk þess væri hægt að sá og rækta matjurtir.

Þótti mér ekkert rafmagn vera lengur í landi okkar, og að það stafaði af hinum miklu truflunum, sem hamfarirnar hefðu valdið.

HIÐ HLÝJA LOFTSLAG

Mér þótti sem loftslag væri nú hér miklu hlýrra en eðlilegt væri á Íslandi. Til dæmis var þessi nótt, sem við vorum hér öll úti mjög hlý. Það var eins og við værum í suðlægu landi. Við ræddum um að nú væri hér aðeins til íslenskt fræ, og hugleiddum hvort það gæti vaxið vel í þessum hita. Við vonuðum samt, að svo gæti orðið. Einnig var rætt um, að reyna að hefja fiskveiðar á ný.

FJARSKIPTATILRAUNIR

Við stóðum þarna öll hjá húsi einu litlu, sem mér þótti vera fjarskiptastöð. Þarna var loftskeytamaður, og reyndi hann að ná sambandi við Evrópu, og ég var að hjálpa honum. Þetta tókst ekki. Senditækið, sem við vorum með var knúið rafgeymi, því um annað rafmagn var ekki að ræða. En truflanir voru miklar og töldum við þær vera af sömu orsök og norðurljósin.

Áleit loftskeytamaðurinn að allar fjarskiptatilraunir við slíkar stöðvar í Evrópu væru vonlausar. Allt slíkt gæti verið þar eyðilagt orðið. Og tilgangslaust mundi að reyna fjarskipti við Ameríku vegna fjarlægðar, og einnig mundi

ástandið þar engu betra að þessu leyti. Þó taldi ég stór svæði í Kanada hafa sloppið betur en önnur.

LJÓSIÐ BJARTA Á HIMNI — FLJÚGANDI FURÐUHLUTUR

Nú þykir mér bjart ljós birtast á himni í suðvesturátt, eða eins og yfir Reykjanesskaganum, austan eða sunnan við Keflavík. Þetta ljós færðist óðum nær, en fór annars ekki mjög hratt. Og er það kom allnálægt varð birtan svo mikil að ekki var hægt að horfa í hana.

Við færðum okkur öll á bak við fjarskiptastöðina, þeim megin sem skugga bar á, því við höldum að þessir geislar gætu verið skaðvænir. Ég sá greinilega, að mikla birtu lagði frá þessu ljósi á himni beggja vegna framhjá húsinu, þar sem við stóðum. Þóttist ég viss um að hér væri fljúgandi furðuhlutur á ferð. Þá sagði ég við félagaga mína, að nú mundu endalokin vera að koma.

„TELESONDA“ OG „TELEPATHY“

Þessu næst skynjaði ég einkennilegt fyrirbæri rétt við húshliðina, þar sem við stóðum. Ég sá þar einsog lítinn disk, e.t.v. eins stóran og pottthlemm, og upp úr þessari kringlu miðri stóð einskonar stöng. Í hug mér kom orðið „telesonda“, og þótti mér það orð fela í sér tilgang og möguleika þessa tækis. Annað orð þessu skylt, kom einnig í hug mér. Það var orðið „telepathy“ og þótti mér það tákna, að unnt væri að ná hugsun annarra, komast í hugsamband eða fjarskynja hugsun og vilja æðri hjálpenda. Mér fannst einnig, að þessi litli hlutur eða kringla með stönginni, væri einskonar eftirlíking eða spegilmynd geimfarsins mikla, sem stansað hafði í loftinu uppi yfir okkur. Annað furðulegt við þennan litla hlut var það, að hann var eins og umvafinn ljósflæði nokkru, afar sterku og lagði birtuna meðfram húshliðinni.

„ENDALOKIN ERU KOMIN“.

Heyrðist mér þá eins og í útvarpssendi að sagt er á ensku: *Yes, the end has come.*“ (Þ.e. endalokin eru komin) Hljóðið var málmkennt, eins og bærast það frá tölvu. Ég þóttist reyna að beina huga mínum inn á sama bylgjusvið, og sendir þeirra flugdisksmanna, og ég sendi þeim hugskæti: „Hverjir eru þið, hvaðan komið þið og hvert er erindi ykkar hingað?“

Og ég greindi svar þeirra: „Við komum frá öðrum hnetti, við erum verur með samskonar sál eins og þið en með annarri líkamsbyggingu, og við erum sendir af yfirboðurum okkar, til að eyða því sem eftir er af mannkyni jarðar ykkar.“

Ég þóttist svara: „Hverjir eru þessir yfirboðarar ykkar, og hver er ástæða þess, að þeir vilja eyða mannkyninu á okkar jörð?“

Ég nam svar þeirra: „Þið menn eruð að tortíma öllu lífi á ykkar jörð. Við og þeir sem okkur eru æðri, vilja koma í veg fyrir að slíkt gerist. Við leyfum ekki að ein líftegund á einhverjum hnetti, tortími bæði sjáfri sér og um leið öllum öðrum líftegundum hnattarins. Því var haldin allsherjar ráðstefna hjá allífsstjórnendum hnattanna (eða alheimsráði hnattanna), og sú samþykkt gerð, að tilraun *Homo sapiens* hefði mistekist og eyða skyldi því, sem eftir væri af tegundinni, svo að aðrar líftegundir mættu lifa áfram og þróast.“

Og röddin frá flugdiskinum hélt áfram að berast inn í huga minn á þessa leið:

„ÞÚ ERT FYRSTI MAÐURINN. . .“

„Mjög lengi höfum við reynt að komast í samband við einhvern jarðarbúa, en aldrei tekist. Enginn virðist skilja hvert stefnir og hverjar afleiðingarnar verða. Þú ert fyrsti maðurinn, sem við höfum náð sambandi við.“

Ég þóttist svara: „Ég held að þetta sé nú ekki allskostar rétt, því ég þekki marga menn, sem skilja hvert stefnir, og vilja mjög leggja sig fram um að breyta hér um stefnu og þeir vilja ná sambandi við lengra komna hjálpendur í

geimnum. Það sem á vantar er að hitta á rétta bylgju-
lengd, svo samband við ykkur geti tekist."

Foringi geimskipsmanna svaraði á þessa leið: „Þar sem okkur hefur nú tekist að komast í samband við einn jarð-
arbúa, (sem ert þú) með fullan áhuga á að þiggja hjálp til
að breyta um stefnu, þá eru forsendur fyrir að eyða
mannkyni jarðarinnar, breyttar, a.m.k. í bili. Við munum
hætta við þetta áform, sem stendur, en í þess stað snúa
aftur til heimahnattar okkar, og skýra frá hvers við höfum
orðið áskynja. Þá mun aftur verða boðað til ráðstefnu, til
þess að ræða þessi mál. Og e.t.v. verður niðurstaðan
önnur en sú, sem varð á síðustu alheimsráðstefnu hnatt-
anna.

En festu þér eitt í minni: Við viljum að þú kunngerir
öðrum, hvers þú hefur orðið vísari, hver ógn vofir yfir
og að von geti verið um björgun. Þú verður að skilja, að
líf milljóna getur verið undir því komið, að þú kunngjörir
opinskátt, hvers þú hefur orðið vísari."

GEIMSKIPSVERURNAR BJÖRTU

Mér þótti ég skynja útlit þeirra vitvera, sem í geimskip-
inu voru. Þær voru hnattlaga, og litu nánast út sem björt
ljós eða ljóshnettir. Mér þótti þær vera mjög miklu ofar
okkur mönnum að viti og enn ofar okkur þó að góðvild og
kærleika. Og mér þótti þessar geimverur standa í mjög
nánu sambandi við enn aðrar verur á enn öðrum hnött-
um, sem stæðu þeim óendanlega miklu ofar að kærleika,
viti og mætti, og að þeirra ljómi væri enn miklu meiri. Þó
vissi ég að í hverri mannsál væri fólgin möguleiki til
framþróunar til sömu lífsvitundar.

Það er einsog þetta hafi prentast inn í mig eða öllu held-
ur að ég þurfi ekki að muna heldur sé innri leið til að
skynja það án tíma eða handan venjulegs tímaskyns sem
raðast eins og perlur á band. Hér sést öll festin á einu og
sama „útvíkkaða“ augnablikinu. Því er það, að eftir því
sem skilningur minn þróast áfram „sé“ ég fleira.

Sjálf draumvitrun mín varði ekki lengi.

II

Hugleiðingar í sambandi við fyrrgreinda vitrun

Mér finnst raunar, að þetta hafi ekki verið draumur. Svo skýr var þessi lifun mín, að öllu leyti, að hún jafnast fyllilega á við það, sem skýrast er í vöku.

Síðan þessi draumur átti sér stað eða vitrun, þá hef ég náð einhverskonar djúpu vitundarsambandi við þessar verur. Þær hvetja mig til að birta þessa reynslu mína, og að vinna að framgangi þessa máls, stefnubreytingu eða hugarfarsbreytingu fjöldans, sem leitt gæti til björgunar mannlífs hér á jörðu. Þ.e. að tilraunin „maður“ bæri fullan árangur. Mér er nánast ómögulegt að meðtaka að e.t.v. sé ég sá eini, sem þetta hefur birt verið. Væri svo, þá væri stór ábyrgðarhluti fyrir mig að þegja. Furðulegt ef það getur oltið á mér einum, þessum lítilfjörlega mannkynsmeðlim, hvort björgun tekst eða tortíming verður! Hugur minn hefur verið fullur af þessum hugsunum, en jafnan hef ég reynt að slá þessu frá mér, og ávallt slegið því á frest, að gera nokkuð í málinu.

En ég hef tekið eftir því, að stundum fæ ég einhverja kvilla, t.d. verki í handleggi eða eitthvað þess háttar, sem ég set ósjálfrátt í samband við þennan drátt hjá mér, eða hugleysi, að koma þessu máli á framfæri. Mér finnst eins og þeir vinir mínir úr geimnum séu með þessu að gefa mér smáaðvaranir og muni ég fyrirgera lífsrétti mínum hér, ef ég ekkert geri í málinu.

Eg finn einnig, að ég sé umvafinn, næstum altekinn, ást þeirra og kærleika. Eg veit að hér er um máttarvöld að ræða, sem meira eiga af kærleika til alls og allra, en nokkrir jarðbyggjar. Og ég skynja, að það væri þeim ákaflega þungbært, ef þeir neyddust til að útrýma síðustu leifum mannkyns okkar eftir að svo illa væri komið, að menn sjálfir væri á góðri leið með að útrýma sjálfum sér og öllu lífi jarðar.

Drauminn dreymdi mig árið 1982 og mér fannst, sem
8 LÍFGEISLAR

úrslitastundin gæti orðið nálægt 1985. Þessu til stuðnings er það, að í draumi mínum eða vitrun þótti mér kona mín og dóttir vera eldri, en þær voru í raun, eða svo sem nema mundi þrem árum. Eftir því gætu úrslitin orðið um það bil 1985 eða 1986.

Ég vona samt að svo verði ekki. En ég finn að þetta leggst á mig með meiri og meiri þunga, og að ég sé knúinn af guðlegum öflum, að láta nú ekki dragast lengur, að gera í þessu máli það, sem mér er ætlað, af þeim verum, sem kærleikann hafa, og viskuna og máttinn til að koma því til leiðar, sem ekki verður hjá komist ef ekki á illa að fara fyrir jörð okkar og öllu hennar lífi.

Hér læt ég staðar numið með frásögn mína og tilheyrandi hugleiðingar.

Úlfur Ragnarsson, læknir.

LOKAORÐ

Frásögn þessa hina merkilegu sagði mér Úlfur Ragnarsson, læknir þann 16. júlí 1984, en ég var þá staddur á hressingarheimilinu að Varmalandi í Borgarfirði um nokkurra daga skeið. Að lokinni frásögn hans skrifaði ég undireins upp aðalefni þessarar draumvitrunar Úlfs eftir minni. Að vísu er hér því ekki orðrétt eftir haft og e.t.v. er allmikil stytting á sumum atriðum, miðað við hans eigin frásögn, en þó mun ekki miklu skeika efnislega hvað aðalatriði snertir.

Ég vil þá og geta þess, að Úlfur hefur sjálfur yfirlit þetta handrit mitt að frásögn sinni og hefur hann gefið góðfúslegt samþykki sitt að birt yrði í *Lífgeislum*. Fáeinar athugasemdir og leiðréttingar hefur hann gert á stöku stöðum í textanum og er það þá fellt þar inn í orðrétt á viðkomandi stöðum.

Ingvar Agnarsson

LÍFGEISLAR 9

III

Ingvar Agnarsson:

Skýringartilraunir

Hugleiðingar um draumvitrun Úlfs Ragnarssonar og tilraunir til skýringar.

DRAUMAR ERU SAMBANDSFYRIRBÆRI

Mér þótti öll þessi frásögn Úlfs Ragnarssonar hin merkilegasta og því skrifaði ég það, sem að að framan stendur undireins að frásögn hans lokinni svo að sem minnstar skyldu missagnir verða eins og stendur í lokaorðum hér að framan.

Þessi athyglisverða vitrunarsaga hvetur mjög til hugleiðinga, og hygg ég að mjög megi verða til skilningsauka, að styðjast við uppgötvanir dr. Helga Pjeturss á sambandseðli lífsins og hver sé eina raunhæfa björgunarleiðin úr þeim háska, sem nú vofir yfir.

Augljóst virðist mér að vitrun Úlfs eigi ekki við okkar land eða okkar jörð, heldur sé hér um að ræða ástand einhverrar annarrar jarðstjörnu í öðru sólhverfi. Til þess bendir m.a. sú skynjun eða vitneskja, að kjarnorkustyrjöld hafi þegar verið háð, og liggi stór landsvæði í auðn, af þeim sökum. Þótt illa horfi á hnetti okkar, er þó ekki svo illa farið, enn sem komið er a.m.k.

Ég hygg að *vitrunin* segi frá liðnum atburðum á þeim hnetti, kjarnorkustyrjöld nýafstaðinni og lýsi því ástandi, sem þar var orðið, þegar vitrunin gerðist, en ekki því, sem hér kann að gerast síðar. Draumar og vitranir munu ætíð vera samtímaviðburðir, því samband dreymandans eða sjáandans mun ætíð vera við einhvern fjarstaddan, sem reynir atburði líðandi stundar á þeim stað þar sem hann er þá staddur.

Ekki mun það gerast, að menn sjái nákvæmlega þá atburði sem gerast kunna í einhverri framtíð.

Þá ber að hafa í huga, að ávalt er um að ræða draumgjafa, þann sem draumur stafar frá og draumþega, þann sem dreymir; og eins er um sýngjafa og sýnþega þegar fjarsýnir í vöku eiga sér stað.

Í fyrsta hluta draums lýsir Úlfur nokkuð staðháttum, og

eftir því að dæma er hann alls ekki staddur í Reykjavík eða nágrenni, þótt hann haldi það, meðan á draumnum stendur. Rangþýðingar í draumum og jafnvel í vökusýnum eru algengar.

VERURNAR BJÖRTU

Úlfur þykist skynja lögum eða líkamsbyggingu þeirra geimskipsmanna á þann veg, að þeir séu hnattmyndaðir að útliti og að þeir séu skínandi bjartir sem ljóshnettir. Ég hygg að skilja meg þessa skynjun á annan hátt: Verur þessar eru sennilega í mannsformi því slíkt mun vera hin venjulegasta mynd fullkominna lífvera. En lífafl þeirra er svo mikið og samband þeirra við enn öflugri og bjartari háþroskaverur svo fullkomið að þeir eru umvafðir geislaflóði svo skínandi á að sjá, að hin raunverulega líkamslögum allt að því hverfur fyrir ofurmagni hinnar björtu geislunar sem út frá þeim gengur. Það er þessvegna sem hinum ýmsu sjáendum virðist þeir líta út sem ljós eða ljóshnettir.

ALHEIMSRÁÐ HNATTANNA

Úlfur hefur eftir þessum fullkomnu geimskipsmönnum að þeir hafi tekið þátt í samkomu einni mikilvægri hjá *alheimsráði hnattanna* þar sem ákvarðanir hafi verið teknar um framtíð viðkomandi mannkyns. Hygg ég að skilja meg þetta á eftirfarandi hátt: Viða í hinum mikla lífheimi alheimsins, mun samstilling vera slík að allt líf heilla vetrarbrauta er *samvita*, allar hinar fullkomnu viskuverur heilla geimsvæða (vetrarbrauta) geta því beitt hugarafli sínu samtímis að einhverju ákveðnu marki, tekið sameiginlega ákvörðun. Og í þessu tilviki, sem Úlfur skynjar fyrir samvitund við einn af vitrustu mönnum hins illa stadda, fjarlæga mannkyns, — hafa þeir ákveðið að reyna að hjálpa því mannkyni frá algjörri tortímingu, og hafa nú fundið þann einstakling þeirrar jarðar, sem hæfastur mun vera til að stuðla að þeirri björgun, með hjálp hinna lengra komnu.

Ég vil nú taka til athugunar enn nokkur atriði í frásögn Úlfs, ef verða mætti til frekari glöggvunar eða skilningsauka á því sem um er að ræða.

Úlfur — eða réttara sagt sýngjafi hans, — sér norðurljós,

bjartari en hér er að sjá. Sú lýsing bendir til að um annan hnött sé að ræða. (Að vísu eru norðurljós allmiklu bjartari norður undir heimskauti okkar hnattar. En eftir öðru í draumnum, á það alls ekki við.) Allur draumur Úlfs er þess eðlis, að langlíklegast er, að draumsamband hans sé við mann á öðrum hnetti, og þá að vísu í öðru sólhverfi, —draumgjafa, sem sér og reynir það sem þar er að gerast, einmitt á þeirri sömu stundu, sem Úlf er að dreyma. Því allir draumar eða sýnir eru samtímaviðburðir, sem gerast í einhverjum öðrum stað, annað hvort hér á jörðu, eða á annarri jarðstjörnu og mun það vera langalgengast.

Og þessir atburðir, sem fjarlægur draumgjafi Úlfs reynir berast Úlfi samtímis, ásamt hugsunum og tilfinningum draumgjafans.

HINN ILLI AÐDRAGANDI HEIMSSLITA

Draumgjafi Úlfs veit um hið illa ástand, sem ríkir á hans hnetti og hefur af því áhyggjur. Og þessi vitneskja berst Úlfi fyrir fjarhrif, fjarsamband. Það er ekki ástand okkar jarðar, sem þar er verið að lýsa, jafnvel þótt einhvern tíma kunni hliðstætt ástand að myndast hér, ef illa fer. Atburðarásin, hinn illi aðdragandi, er þarna aðeins fyrr á ferð, en oft munu ýmsir hnettir fylgjast nokkuð að á þróunarbraut sinni, hvort sem hún er á illan veg eða góðan. Þegar tekst að breyta um stefnu lífsins á einum hnetti, leiðir af þeim umskiptum, einnig breytingar til batnaðar á ýmsum öðrum hnöttum. Af því að lífið er sambandseðlis, þá er það einnig samstiga. Líf eins hnattar hefur áhrif á aðra hnetti, önnur mannkyn. Fjarhrif eru ríkjandi afl í alheimi ekki síður en milli einstaklinga á einhverjum hnetti. Fjarhrifafyrirbæri eru vel þekkt hjá okkur jarðarbúum, þótt fáir vísindamenn hafi enn orðið til að viðurkenna það opinberlega.

Draumgjafi Úlfs sér ljós í lofti, fljúgandi farartæki, sem sennilega birtist þar sem líkamningur frá öðrum hnetti. Og hann hefur hugsamband við fararstjóra eða foringja þeirra geimskipsmanna, sem tjáir honum hvað í vændum er, en einnig, að unnt sé að breyta um stefnu, svo komist verði hjá hinum hörmulegu örlögum, sem annars bíða mannkyn þess hnattar. Draumgjafinn fær einnig að

vita, að það sé undir honum komið hvort björgun megi takast.

FORUSTUMAÐUR Í SAMBANDSSKILNINGI

Sennilegt þykir mér, að þessi draumgjafi Úlfs, sé einn af merkilegustu mönnum þess hnattar. Han mun fyrstur sinna samjörðunga hafa skilið ástand og horfur mannkynsins á hnetti sínum, og að samband við lengra komna íbúa annarra hnatta, sé eina leiðin út úr vandanum. Hann leggur sig allan fram um að kynna þessi fræði og þessa möguleika samjörðungum sínum. Og hann hefur von, því hann veit um allmarga, sem hugsað hafa á þessa sömu leið, þótt ekki hafi þeir enn haft möguleika eða þor til að berjast fyrir málefnum opinberlega.

Samtalið, eða hugsambandið við geimverurnar, er ekki milli Úlfs, sem er draumþeginn, og þeirra. Hann er óvirkur, sofandi.

En svo sterkt er sambandið milli Úlfs og draumgjafa hans, að honum finnst hann sjálfur vera þessi maður, þessi fjarlægi íbúi frumlífshnattar, hugsanir hans, áhugi og ákvarðanir verða sem hans hugsanir.

VARANDI FJARSAMBAND MILLI DRAUMGJAFI OG DRAUMÞEGLA

Og svo virðist, sem þetta samband, sem komst á í draumi, hafi orðið varandi. Áhugi draumgjafans á björgun síns mannkyns berst Úlfi, jafnvel dags daglega og verður hans mikla áhugamál. Þegar draumgjafinn hefur fjarsamband við foringja geimskipsmanna, þá verður Úlfur einnig þátttakandi í því sambandi. Einnig er mjög líklegt, að um beint samband sé stundum að ræða milli Úlfs og þessara lengra komnu vera, sem nú eru vinir hans og hjálpendur og umvefja hann kærleika og mætti, svo að sjálfur verður hann öflugri og magnaðri en fyrr, og tekst betur en áður, flest það sem hann tekur sér fyrir hendur, hvort sem það er listsköpun, skáldskapur, lækningar, eða hvað annað.

En einkum munu þó hinir lengra komnu beina orku sinni til hans, í því skyni að honum megi auðið verða að leggja fram orku sína og vit, að því mikilvæga viðfangs-

efni, að breyta einnig hér um frá helstefnu til lífstefnu, - að því marki, sem verður að ná, ef líf á að haldast á hnetti okkar. En stuðningur margra og samvinna er nauðsyn, svo að því marki verði náð.

Og maðurinn verður að vinna með guði en ekki á móti, ef takast á að ná því marki.

Aðeins með samstilltu átaki guða og manna, verður stefnunni breytt og Íslendingar standa allra þjóða best að vígi, að vinna með árangri að framgangi þessa mikla máls.

HLUTVERK ÍSLENDINGA Í BJÖRGUN MANNKYNS

Hér á undan hefur einkum verið rætt um líf mannkynja á tveim hnöttum, sem nokkuð virðast vera samstiga í þróuninni til illrar áttar: Annar er hnöttur okkar jarðarbyggja, en hinn er hnöttur sá, sem er heimkynni sambandsveru Úlfs Ragnarssonar. Mannkyn þess manns mun vera lengra komið í vítisátt en enn er hér, og því hin mesta nauðsyn að snúið verði til réttar áttar án tafar.

Nú er alveg víst, að því lengur, sem stefnt er áfram í ófæruna á einhverjum hnetti, þeim mun erfiðara verður að snúa við og ná réttum áttum, og í raun er engin leið fær án stórkostlegrar hjálpar lengra kominna hjálpenda á öðrum hnöttum.

Öllum stendur sú hjálp til boða, einnig okkar mannkyni. Hjá okkur stefnir mjög til illra áttar, og hin mesta nauðsyn að snúið verði á rétta braut.

Nú hefur Úlfur Ragnarsson orðið meðvitandi um (og jafnvel e.k. þátttakandi) í tilraun til björgunar annars mannkyns, þar sem sambandsvinur hans lifir og starfar. Takist björgun þar, mun okkar mannkyn njóta góðs af, því þá mun hinum lengra komnu takast betur að koma fram áhrifamætti sínum, einnig hér.

Á sama hátt mun verða á hinn veginn. Takist að breyta um stefnu á okkar jörð, svo sem hinir lengra komnu munu leggja hina mestu áherslu á, þá mun þeim einnig takast betur um björgun hins annars mannkyns, sem um var rætt. Því þróun og stefnubreyting mun fylgjast að á fjölmörgum lífstjörnum.

Úlfur Ragnarsson gæti, með hinum mikla næmleika sínum, gáfum og sambandshæfileikum, ásamt góðvilja sínum og áhuga á framvindu lífsins til réttar áttar, hér orðið hinn rétti tengiliður milli jarðarmanna og hinna lengra komnu máttarvera alheimsins. En til þess þarf hann óbrigðulan stuðning allra hugsandi manna.

”HIÐ MIKLA SAMBAND“

Og réttur skilningur á eðli *hins mikla sambands* er algjör nauðsyn til þess að vænta megi þess árangurs, sem svo mikil er þörfin á.

Hér ættu Íslendingar að standa fremstir í flokki. Hér ætti að koma fram hið rétta frumkvæði til björgunarinnar. Engin þjóð önnur hefur til þess eins góð skilyrði og Íslendingar, því hér hefur gerð verið uppgötvunin á eðli lífsambandsins milli hnattanna, milli alls lífs í alheimi og hvers með þarf til þess að snúið verði á leið sífellt aukinnar farsældar.

IV

Þorsteinn Guðjónsson:

Um draumvitrun Úlfs Ragnarssonar

Ritstjóri Lífgeisla hefur sýnt mér frásögn Úlfs Ragnarssonar af hinum athyglisverða draumi sínum, og þykir mér eins og ritstjóranum sérstaklega athyglisvert hve glögglega það lýsir sér í draumi þessum að um samband við frumlífsmann á öðrum hnetti er að ræða — enda þótt vafa samt sé dreymandinn hafi nokkur tíma hugsað þá hugsun sjálfur. Það er hinsvegar mjög athyglisvert að hinn merki læknir og mannvínur skuli hafa notið betri sambanda við fullkomnari mátt, síðan hann dreymdi

þennan draum árið 1982. Gæti þetta bent til þess að draumgjafi hans, þessi sem tók svo vel á móti stjörnu gestum sem sagan greinir, hafi ásamt löndum sínum komist á raunverulega framfaraleið í þessum efnum, og þar af leiðandi náð betri samböndum við æðri mátt en áður hafði tekist á þeim hnetti, — en af því leiðir aftur að draumþegi hans, Úlfur Ragnarsson, verði eins og aðnjótandi til langframa þessarar óvenjulegu magnanar. — Auðvitað hélt Úlfur að hann sjálfur væri sá sem var aðeins draumgjafi hans.

Frumskilyrði þess, að slíkt stjörnusamband sem draumurinn ber vott um, geti tekist á einhverjum hnetti, hlýtur þó að vera að einhverjir séu til sem *stilla* til slíkra sambanda. Í mörg ár höfum við Nýalssinnar talað okkar á milli um sambönd milli slíkra frumlífshnatta sem eru að meira eða minna leyti á líkri þróunarbraut — og það, að slík samstilling milli jafningja geti orðið til þess að hinum „æðra mætti að ofan“ verði betur komið við hjá báðum. Dæmi Úlfs Ragnarssonar er eins og svar við þessari hugsun okkar, en þess var einmitt að vænta að sambandið kæmi fyrst fram hjá einhverjum öðrum en þeim sem slíkar hugsanir hugsuðu í fyrstu. Metnaður um það að hafa orðið fyrstur er þó óþarfur í þessu efni, því þegar á þessa leið er komið stefna allar leiðir til sátta og sameiningar, þannig að allir fá þess notið sem á vinnst.

MYR

Spekiorð úr kenningum Palesar

(F.um 626 f.Kr. — D.548 f.Kr. Fæddur í Miletos í Litlu-Asíu).

Tilveran er óstöðvandi straumur hinnar eilífu elfu. En lygn er sá straumur ekki. Tilveran byltist áfram í látlausri baráttu andstæðra afla. Andstæður fylgjast allstaðar að: Það er engin sköpun til án eyðingar. . . Kyrrstaða er dauði, en lífið er barátta. Baráttan er upphaf alls.

(Pales).

Porkell Máni

Ég var ekki gamall að árum er ég heyrði Porkels þessa getið og hvernig hann bjó sig undir andlátið. Ég sem stráklingur var dálítið hissa á þessu, snemma heiðinn. Sagan segir svo frá andláti Porkels. Á banadægri lét hann bera sig út í sólskinið og fal önd sína guði þeim er sólina hafði skapað. Hann hafði svo hreinlega sem þeir kristnu, menn, er best voru siðaðir.

Porkell var Þorsteinsson Ingólfssonar, þess er talinn er fyrsti landnámsmaður Íslands, en sú saga stendur eftilvill ekki fyrir sínu. Um Ingólf þennan vitum við lítið með sönnu og ekki víst að hann hafi verið norðmaður. Hann átti að hafa stundað hernað sem kallað var, sem lá mest í því að drepa saklaust fólk, hirða góss þess og velja sér þræla, sem oft voru betur menntir, en þessir svokölluðu víkingar. Þetta var kallað að afla sér frægðar og frama. Ingólfi var líka talið til frægðar að hann var mikill blótmaður. Sonur Ingólfs var Þorsteinn faðir Porkels mána. Þorsteinn mun hafa verið ágætur maður, þótt hans sé ekki að miklu getið, til þess þurftu menn helst að standa í deilum og tala nú ekki um hernaði.

Talið er að Þorsteinn hafi stofnað fyrsta þing á Íslandi, það var háð á Kjalarnesi. Ingólfur mun hafa verið mikill sjálfræðismaður, enda leiftursókn þá í hástigi. Mér finnst eins og lesa megí á milli línanna að þeir feðgar Ingólfur og Þorsteinn hafi ekki átt skap saman. Engar sagnir herma að Þorsteinn hafi tekið við föðurleifið sinni, sem var rík venja, heldur bjó hann uppi á Kjalarnesi sem var í landnámi Ingólfs, að talið er. Flest bendir til að þeir Þorsteinn og Porkell hafi verið menn mennskir og unnið saman. Það segir sína sögu að Porkell lagði fyrir sig lögvísi og varð lögsögumaður. Um þessa feðga vitum við annars lítt en

allt bendir til mannlegra samskipta. Slíkt var minna á bók fært eða lagt á minni.

Þá ber oftast lægra í sögunni sem vinna að betri mannlífi. Ekkert bendir til að Þorkell hafi verið við kristni kenndur, vel má þó vera að hann hafi kynnst henni, því kristnir menn námu land á Kjalarnesi. Víða hafa líka komið fram göfugmenni gæddir mildi og mennsku, án þess að þar væri kristni til að dreifa.

Skilnaður Þorkels mána við þennan hnött, er svo einstakur og trúlegt að þar liggi eitthvað að baki, sem ekki verður lagt í að tjá. Fjöldi þeirra sem kristnir kallast mættu þangað augum renna og eftir breyta, vildu þeir fá svo heiðríkt andlát.

Viðurnefni Þorkels bendir til að honum hafi ekki dulist dýrð stjarnanna og þær mundu kannske búa yfir fleiru sem vert væri lotningar. Enda hafa það margir gert og ekki síður á þeim tíma. Þá sigldu menn eftir þeim og spáðu um örlög manna og þótti margt eftir fara. Svo komu enn vitrari menn sem töldu það guðlast að stunda fræðslu um alheiminn, sjálft himinhvolfið. Kæmist slíkt á kreik voru þeir menn brenndir eða afgreiddir á annan hryllilegan hátt. Sýknu sinnar urðu þeir að bíða í tímanum 300-400 ár. Það kemur alltaf að því að sannleikurinn verður ekki myrtur nema í gríni. Íslendingar iðkuðu þó ekki slíkt og Stjörnu Oddi heldur enn sínum sessi en seinir erum við að taka stjörnurnar tali, en þar mun þó framtíð vor búa.

Þorkell máni varð eins og áður er sagt lögsögumaður og sonur hans Þormóður allsherjargoði, er kristni komst á og munu margir hafa notið góðs af slíkum mönnum.

En hvaðan hafði Þorkell viðurnefni sitt um það langaði mig að vita, því ekki var víst að það væri dregið af tungls-mána. En einhversstaðar hafði ég um þetta lesið. Ekki í Íslendingasögum, því þær les ég annað veifið. Inn í þær hefur verið bætt smáþáttum, gat það verið þar?

Ég snaraðist í eina nýju útgáfuna og sjá að upp í hendur mínar kemur Máni skáld.

Hann var þá með Magnúsi konungi Erlendssyni. Skip Magnúsar lágu þá við Unnardys á Lista og biðu byrjar Kvað þá Máni kröftuga siglingarvísu. Konungur mælti: „Vel er kveðið Tungli.“ Þarna kom þá hin rétta skýring. Þorkell hefur kannski haft trú á *mána* og fengið af því

viðurnefni sitt, sem síðar var og ennþá notað um allskonar afklippur og afskurð og skika, ásamt tungslmána enn í dag.

Í annað sinn hitti Máni skáld Magnús konung, kom þá úr Rómarferð sem stafkarl, kollóttur, magur og klæðalaus, en vel kunningi hann konungi að kveðja. Ekki þekkti konungur hann í fyrstu, en hinn kvaðst Máni heita íslenskur og koma frá Róm. Konungur mælti: „Þú munt kunna að fræða *Tungli*“.

Settist þá Máni niður og kvað. Skemmti hann síðar og þótti vel skemmt.

Ég hef skrifað þetta upp vegna þess hve mér þótti undarlegt að nafnið *máni* skyldi orsaka þessa kveikju og ekki láta mig í friði fyrr en ég vissi hvað það þýddi í fornöld.

Sjálfsagt hefur fjöldi manna vitað hina réttu skýringu, en ég samt knúinn til að leita hennar.

Halldór Pétursson, Kópavogi.

MYR

Spekimál úr ljóðum Einars Benediktssonar.

*En list heimtar trú, gegnum stjarnanna storm
og styrk sinna drauma um himneskt form.*

*Hvað birta oss draumar, sýn og spá
um líf allra stjörnulanda?*

*Ljóð er það eina, sem lifir allt;
hitt líður og týnist þúsundfalt, —
unz Hel á vörn heim að svæfa.*

*Sjálfsköpuð þján, bæði þjóðar og manns,
skal þurrkast úr lífsins bókum.*

Úr ljóðinu „Stórisandur“

Mána-ljótur og Fróðárundrin

Við hinar merku athugasemdir Halldórs Péturssonar í greininni næst hér á undan vildi ég mega bæta því, að mér hefur eins og honum nokkuð oft orðið hugsað til þessa viðurnefnis Þorkels mána, og komist þar að líkri niðurstöðu og Halldór. En aukinn rökstuðningur þykir mér það vissulega vera að tengja þetta aukanefni hans við söguna af Mána skáldi sem konungurinn kallaði Tungla, — enda þótt Máni skáld væri uppi nær 250 árum síðar. En tíma-bilið sem þarna er vísað til er hvað öðru líkt, um nafnvenjur og skilning manna á íslensku máli, þeirra sem þá voru uppi, svo að orðaleikur konungsins varðandi Mána skáld gildir fullkomlega um þá sem voru uppi á öldunum þar á undan.

Annar Máni, sem kunnugur var í fornöld var Máni sonur Snorra goða, en sonur hans var Mána-Ljótur, goðorðsmaður, og hefur mér alltaf fundist vera einhver mána-birta kringum nafn hans — þótt ég viti fullvel að þetta er aðeins föðurnafn hans. Vísan í þjóðsögunni: „Kalt er á fótum Mána-Ljótur“. „Það gerir að fáir unna, Þórgunna“, minnir sífellt á sig, og hefur mér stundum verið að detta í hug hvort verið gæti að Mána-Ljót væri enn kalt á fótum. Vonaði ég þó að svo væri ekki, en af þessu öllu fletti ég nú upp í Eyrbyggju, og þykir mér þá undireins gott að sjá að Mána-Ljótur er þar fyrst nefndur í sambandi við Fróðárundrin. En lengi hefur mig langað til að minnast á Fróðárundrin og það sem í þeim felst, hafi ég ekki þegar gert það einhversstaðar.

Þeir sem eru handgengir Eyrbyggju, munu minnast þess að undrin byrja rétt eftir lát Þórgunnu kerlingar, sem var bæði kristin, og jafnframt rammefld af einhverri

kynngi. En „að Fróðá var eldaskáli mikill“ segir saga og ennfremur:

„Þar voru gervir máleldar hvert kveld í eldaskála sem síður var til; sátu menn löngum við eldana áður en menn gengu til matar. Það kveld er líkmenn komu heim (úr ferðinni með Þórgunnu í Skálholt), þá er menn sátu við málelda að Fróðá, þá sáu menn á veggþili hússins, að komið var tungl hálf; það máttu allir menn sjá, þeir er í húsinu voru: Það gekk öfugt um húsið og andscelis. Það hvarf eigi á brott, meðan menn sátu við elda“. (feitltrun mín ÞG).

Slík frásögn Eyrbyggju, og það er best ég segi það eins og ég hugsa, að mér sýnist þessi frásögn vera fullkomlega traustverð, eins og hún liggur fyrir, og svo langt sem hún nær. Alveg eins og í dæmi hinnar góðu, skyggju konu, (sem ég hef sagt af í Tímanum og í 5. hefti Lífgeisla 1984), sem sá geislana á veggnum hinumegin í salnum, þá sáu heimamenn á Fróðá, fyrir sambandsýn, tungl á þili. Hefði einhver verið þar til að bregða hendi fyrir augu einhvers hinna sjáandi, þá hefði sá hinn sami séð tunglið á lófanum. Það var tungl annars hnattar sem þeir Fróðármenn sáu á veggþili sínu og af því að þeir voru samstilltir og samtrúa, sáu þeir þetta allir í einu. Vera má að sýngjafar þeirra hafi verið fleiri en einn, jafnvel einn fyrir hvern þeirra.

Í Bergbúa þætti (úr Djúpafirði vestan Þorskafjarðar, sjá Íslendingasagnaútgáfu Guðna Jónssonar 4. bindi síðu 392), er einnig athyglisverð tunglsjón sem lýst er. Að vísu er ekki jafnmikil reisin yfir frásögninni og í Eyrbyggju (sem ég ætla að Þórður Sturluson hafi skráð), en þó er hún engu að síður merk og áreiðanleg. Tveir menn urðu að láta fyrirberast við hellismunna nokkurn, sem aldrei fannst síðan og bar þá þetta fyrir þá:

„Varð þeim litið inn í myrkrið. Þeir sáu þá það, sem þeim þótti því líkast sem tungl tvö full eða törgur (skildir) stórar. Ekki annað ætluðu þeir en að það mundi augu tvö, og mundi sá ekki mjóleitur er þau skriðljós bar“....

(Íslendingasögur Guðna Jónssonar, Bergbúaþáttur 4. bindi síða 292)

Mennirnir héldu að þetta væru augu, og var það ekki nema vonlegt, því á þeim tíma vissu menn ekki um tungl

með öðrum hnöttum. En athyglisvert er það sem kemur fram síðar í frásögunni, að „sáu þeir ávalt tunglin meðan kveðið var, en ella eigi“. Gefur þetta til kynna að sambandið var nánara við sýngjafann meðan hann náði að senda þeim bundið mál — góða íslensku; — en þess á milli. Sambandið nær betur til þeirra meðan þeir hlýða á ræðu „bergbúans“. En sjöhundruð árum síðar uppgötvast það, að ekki er um neinn „bergbúa“ að ræða, heldur íbúa annars hnattar.

Mjög þýðingarmikið er að greiða úr og skýra sambandsreynslu forfeðra okkar á fyrstu öldum Íslandsbyggðar. Þeir vilja koma málum í lag, hér og nú, þótt seint sé orðið. Ingólf Arnarson, föður þjóðarinnar skyldi enginn lasta, enda er sannleikurinn sá, að hann var frábitnari hernaði en sumir samtíðarmenn hans, til dæmis Hjörleifur, fóstbróðir hans. Og Ingólfur bar gæfu til að festa hér svo byggð, að það þótti öðrum fýsilegt að taka eftir honum. — Og ekkert mark tek ég á talinu um **Áðurbyggja**, sem sumir hafa haft svo mjög í frammi en er í rauninni ekki annað en heilaspuni.

Engin rök hef ég séð haldbær fyrir því, að hér hafi verið byggð áður en hinir kunnu landnámsmenn komu, nema þessir fáu einsetumunkar sem Ari fróði minnst á og kallar Papa. Elsta búsetulagið er frá því um 900 um allt land eins og vænta mátti.

MYR

Alhæfingar

Þegar vér drepum eitthvert dýr, jafnvel lítilfjörlegt skorkvikindi, þá erum vér að drepa guð, hluta guðsins, sem með lútan sinni skapaði þetta dýr, til að hefja efnið á herra stig, hefja efnið nær sér. Þar með varð þetta lága dýr hluti guðsins og honum tengt.

S.S.T.

Ingvar Agnarsson:

Óbætanleg skaðsemi heimsslita*

Hinn 22. mars 1981 birtist í Morgunblaðinu ritgerðin *Svarthol*, eftir Grétar Ívarsson, jarðfræðing.

Las ég greinina alla og er ég var langt kominn að lesa hana var sem önnur vitund brytist fram í huga mínum, og mér fannst ég nema orð og hugsun einhverrar annarrar veru, á þessa leið:

„Þegar heimsslit verða í einhverju sólhverfi þá er það mikið áfall fyrir hinn skapandi mátt. Það sem hinni æðstu veru hefur tekist að skapa og þróa á miljörðum ára, það eyðileggst í einni svipan, þegar sólsprenging verður, bæði efni og líf þess sólhverfis.

Það er ekki eingöngu, að allt líf þess sólhverfis farist og dreifist til annarra lífstjarna, einkum helstefnujarða, í öðrum sólhverfum, og haldi þar áfram helför sinni, sér og öðrum mannkynjum til ills eins, heldur glatast einnig efni sólstjörnunnar og alls þess sólhverfis og nýtist ei til sköpunar nýrra stjarna, nýrra lífstöðva.

Þegar sólstjarna fer að hrynja saman og heldur áfram að þéttast og minnka í það óendanlega, þá er hér um algera glötun efnis að ræða, öfugþróun þess, sem guðunum hafði tekist að skapa og þróa í rás tímans. Þegar sköpunarverk guðanna hrynja í rúst, þá er það ósigur, sem ekki verður bættur, og á það við hvort sem um efni eða líf er að ræða. Heimsslit verða ekki aftur bætt. Því leggja guðirnir fram óhemju orku til að forða heimsslitum, en tekst, því miður, ekki ávallt.“


Þetta tal verunnar ókunnu í vitund minni olli mér nokkrum óþægindum, og einkum þó sá skilningur, sem mér var þarna birtur, um illar og óbætanlegar afleiðingar

Sjá til samanburðar draumvitrun Úlfs Ragnarssonar, hér að framan á bls. 3–16 og kvæðið Stjarnan týnda hér á eftir á bls. 26 og 27.

heimsslita og afleiðingar þeirra, hin svörtu göt (svartholin).

(Annars hef ég ekki haft trú á, að kenningarnar um svörtu götin hafi við rök að styðjast).

(Hvort mun hið samanþjappaða efni svartholanna, ef til er, eiga eftir að skila sér aftur út í heimssmíðina í einhverri framtíð? Hvort mun kenningin um hvít göt, eiga við þann möguleika?)




Krabbapokan í Nautsmerki er dæmigert fyrirbæri um sólsprengingu slfka, sem heimsslitum veldur í viðkomandi sólkerfi.

Sadatoní, tvístirnið furðulega


Margt er furðulegt í ríki stjarnheimsins og þar á meðal er tvístirni eitt, Sadatoní að nafni (Zeta Aurigae), í Öku-mannsmörkinu. Þetta eru sólir tvær er ganga hvor um aðra á 972 dögum. Hér er um að ræða rauða risasól, 290 miljón km. í þvermál og aðra mjög skært skínandi, bláa sól sem er aðeins 4 milj. km. í þvermál.

Sýndarbirta sólnanna er um það bil + 3,75 stig og nokkuð breytileg, en raunbirta — 2,3 stig og því um 750 sinnum bjartari en okkar sól. Fjarlægð 160 ljósár.

Hið furðulegasta við tvísólir þessar er það, að rauða stórstjarnan er svo laus í sér, að þegar hin ofsáheita, bláa sól, gengur á bak við hana, frá jörðu að sjá, hverfur hún ekki með öllu, heldur dofnar aðeins. Með öðrum orðum: Hún skín þá í gegnum efnismökk stóru sólarinnar, og mun þetta fyrirbæri vera nær einstætt.



Myndin sýnir hina rauðgulu risastjörnu og hina ofsáheitu bláu sól og



hvernig hún skín í gegnum stórrisann í hvert sinn er hún gengur á bak við hann.

Ingvar Agnarsson

Stjarnan týnda

I

*Guðirnir í gleði sinni
geislum stráðu um víðan geim
til að gleðja, til að magna,
til að fegra allan heim.*

*Skópu þeir úr skýjaböndum
skæra sól á himins slóð,
öllum var hún öðrum fremri
undra fögur lýsti glóð.*

*Skópu þeir við sólar síðu,
sanna mannlífs- fagra -jörð;
líf þar skyldi lengri eflast,
lífsheims-slóðar magnast hjörð.*

II

*Missti tök á meginsköpun
magni þrungin guða sveit:
Straumar heljar streyma tóku
stríðir inn á mannlífs reit.*

*Ætist sólar ofsa-kraftur,
eldar geystust eins og él;
sundur sprakk á samri stundu
sólarinnar loga-hvel.*

*Skullu sólar æðis-eldar
yfir mannlífs bjarta fold;
bráðna tóku björg og steinar,
brann til ösku mannlegt hold.*

III

*Horfin er úr heimi stjarna
himinbjarta sólin frið.
Týnd er hún og tröllum gefin,
töpuð lífi alla tíð.*

*Ósigur á einni stjörnu
aldrei bætist víðum geim;
mannlífshnöttur meginsterkur
myndast ei úr rústum þeim.*

Ingvar Agnarsson:

Harmur Freys

*(Eftir að hann hafði séð Gerði Gymisdóttur í fjarsýn samanber frásögn í
Gylfaginningu)*

*Gekk ég í Hliðskjálf að horfa
heima um alla.
Leit ég í ljósheimi glæstum,
ljómandi sýn.*

*Út gekk þar alfögur meyjja,
albjört sem sólin.
Lagði af lýsandi höndum
leiftur um geim.*

*Hugfanginn horfði ég lengi
á himneska veru.
Ást mér í hjarta sér hreyfði,
háleit og sterk.*

*Sýnin mér hvarf, og í sorta
sit ég nú dapur.
Ekkert má huga minn hressa,
því horfin er snót.*

Dómarar og dvergmenni

Draumur með þýskum svip.

I.

Mig dreymdi, aðfararnótt 10 okt. að ég væri einhversstaðar þar sem miklir og merkilegir atburðir væru að gerast, og þótti mér sem ég væri á einhvern hátt hluttakandi í því sem gerðist. Ég þóttist muna þennan draum milli dúra, en síðar hafði ég gleymt honum. En í síðasta dúrnum dreymdi mig þetta framhald hans, sem ég þykist muna.

Mér þótti ég ganga, ásamt öðrum inn í allmikinn sal þar sem margir menn stóðu eða sátu röðum næst veggjum, og þótti mér þessir menn vera einhverskonar þingmenn eða dómarar. Í miðjum salnum var borð, og var því skipt um miðjuna með einhverri lágri grind eða fjöl, en við þann enda þess sem fjær var dyrunum sat aldraður maður, beinleitur með hvasst nef og fráan augu og með parruk eða mikið grátt hár. En hinum megin sátum „við“, en það þóttu mér vera ég og einhver sem eg fylgdist með inn í salinn, og var nú sem ég sæi okkur utanfrá og að við værum hinir mestu örverpis-dvergar, sem varla stæðum út úr hnefa. Förum við að tala eitthvað, sem átti að vera erindi okkar, en þá rís hinn aldraði maður upp og teygir sig fram yfir borðið, lemur í það hvert bylmingshöggið af öðru, svo sem eins og til að fyrirskipa þögn. Samtímis þessu losa ég svefninn, og til mín berast þessi orð — ekki beinlínis eins og þau ætti heima á þessu leiksviði, heldur sem hugskeyti beint til mín, og þó eitthvað í tengslum við sýnina: „Jüngstes Gericht“. Alveg með greinilegum hugskeytis-einkennum, eins orð berast til mín stundum.

II

Sem skýringu á þessu fyrirbæri í heild gæti ég látið mér detta í hug þetta: Ég hafði rúmlega viku fyrr sent frá mér (ritaða á ensku) frétt um *Málþingið* („Fund um fyrirbæri“) sem haldið var að Álfrólsvegi 121 þann 7. sept. 1984, — þar sem allir ræðumenn tóku undir það að hugskeyti væru til. — og lét ég þetta koma skýrt fram í fréttinni. Meðal annars fóru nokkur eintök af fréttinni til Þýzka-lands. Ég hef ekkert frétt af því hvaða viðtökur hún fékk þar, en ég gæti hugsað mér að sumir góðir kunningjar mínir þar sem við henni tóku hafi viljað koma henni lengra. Líklega er óhætt að segja, að enn eimi nokkuð meira eftir af skiptingunni í meiri menn og minni menn þar en í öðrum germönskum löndum, ekki endilega í gömlum stéttaskiptingar skilningi, en fremur eftir getu, hæfileikum og mætti. Hafi nú kunningjar mínir komið fréttinni héðan af stað mætti láta sér detta í hug að einhver fráneygur roskinn maður hafi áttað sig á að um var að ræða málefni sem dæma varð um, og ekki verið því hliðhollur: Hugsun hans verið sú að um þessi „huldu rök“ og „djúpu leyndardóma“ sem fjarhrifin eru, verði mannkyninu aldrei leyft að dæma fyrr en í „Jüngstes Gericht“, það er á dómadegi samkvæmt fornri trú. Að hann hafi fundið hjá sér hvöt til að „þagga niður“ þennan boðskap lítilla mannörverpa frá litlu landi.

Þetta er vissulega ekki annað en ágizkun mín, byggð þó á ýmsum líkum. Samkvæmt þessari ágizkun ættu þá aðalstillar til draumsins að hafa verið hinir yngri þýzku vinir mínir, en einnig mótast draumurinn af áhrifum hins ald-ræna andstæðings. Atburðurinn sjálfur gerist væntanlega á öðrum hnetti. — Það verður gaman að sjá, hvort nokkuð kemur fram sem styður þessar ágizkanir mínar, þegar póstsamgöngur við önnur lönd komast á að nýju.

Ritað í október 1984
Þorsteinn Guðjónsson.

Draumur um svif og lækningamátt

I

Mig dreymdi, að ég var á ferð með öðrum manni. Vorum við gangandi og á leið okkar urðu nokkrar torfærur, sem við komumst þó auðveldlega yfir. Á einum stað var eins og mýrarsund nokkurt eða fen, svo sem þrjátíu metra breitt og virtist óárennilegt að komast þarna yfir. Félagi minn stansaði við þessa torfærumýri og leist auðsjáanlega ekki á að halda þarna áfram. En ég kveið engu og sagði: „Ég skal hjálpa þér“. Svo rétti ég honum hönd mína og saman lögðum við af stað út á ófæruna. Svo hófst ég á loft og sveif rétt yfir yfirborði mýrarinnar. Ég hélt þétt í hönd mannsins og lyfti honum á þann hátt, að hann aðeins snart yfirborð jarðar, því mér þótti hann ekki hafa þann hæfileika að geta svifið. Við komumst nú yfir heilu og höldnu. Mér þótti maðurinn undrast nokkuð þennan hæfileika minn og lét það í ljósi með orðum.

Ég þóttist segja á þessa leið: „Já, ég er sá eini hér, sem get svifið og þessum hæfileika fylgir einnig það, að ég get læknað sjúka menn“.

Maðurinn sagði: „Segirðu þetta af reynslu eða hugsarðu þetta bara?“

Ég svaraði: „Ég hef nokkra reynslu á þessu sviði“.

Hann sagði aftur: „Viltu segja mér dæmi þess?“

Ég þóttist segja: „Fyrir ekki allöngu kom ég að þar sem maður hafði slasast illilega. Mörg bein í honum voru illa brotin og sum jafnvel margbrotin. Ég fékk fólkið, sem þarna var nærstatt, í lið með mér, til að gera lækningatilaun. Og þetta tókst svo vel, að slasaði maðurinn varð samstundis alheill“.

Maðurinn sagði: „Og langar þig nú til að halda lækningum áfram?“

Ég svaraði: „Já, ekkert vil ég frekar. Ég finn hjá mér mátt til að gera þetta, og ég finn, að mér er ætlað þetta hlutverk. Ég vil leggja mig allan fram til að hjálpa öðrum á þennan hátt. Hér um slóðir er enginn annar, sem hefur þessa hæfileika og ég vil, að þeir fái að njóta sín“.

Á þennan hátt talaði ég og þetta voru ekki orðin tóm, því innra með mér var ég fullur áhuga og eldmóðs, að láta gott af mér leiða og þóttist vita um marga, sem þyrftu nauðsynlega á hjálp minni að halda.

Draumurinn var ekki lengri.

II

Ótvírætt bendir þessi draumur til sambands við draumgjafa á öðrum hnetti, því svif þekkest ekki á okkar jörð. Af draumsambandi þessu virðist þó koma fram að hæfileiki til að svífa sé ekki algengur á þeim stað, en þó ekki alveg ókunnur, því draumgjafi minn hefur kunnað þessa list og þá líklega notið til þess stilliáhrifa einhverra samstirninga og einnig nokkurrar magnanar frá lengra komnum sambandsverum á öðrum hnetti. Með öðru móti mun svif ekki vera mögulegt.

Ingvar Agnarsson
(Dreymt 28. mars 1976)

Draumur um geislandi mannshöfuð.

Mig dreymdi í nótt, að ég þóttist sjá gamlan mann innan við fordyr nokkrar. Fannst mér það helst vera prestur, sem ég hálf kannaðist við, en gat ekki séð framan í hann, því hann snéri vanganum þangað, sem ég stóð. Fannst mér það þó vera annaðhvort Þorsteinn Björnsson eða þó öllu fremur Bjarni Jónsson. Mikill virðuleiki stafaði af honum og hvítt hárið á höfði hans var sem perlukrans, allt í kringum höfuðið og niður að herðum. Slíka fegurð hef ég aldrei augum litið fyrr, því af þessu silfraða hári geislaði í allar áttir.

Ég varð þess vör, að menn komu að dyrunum, þar sem hann stóð og heilsuðu honum. Mér fannst ég verða að gera slíkt hið sama og lagði því leið mína þangað. En ég sá hann þá hvergi og við það vaknaði ég.

Guðlaug Guðlaugsdóttir.
(Dreymt nóttina milli 25. og 26. janúar 1965).

Fyrir miðilsmunn

Miðill Sveinn Haraldsson

Konráð Gíslason. Sæl

Íslendingar framliðnir hérna margr mjög öflugir og mjög vel talandi íslenskt mál og vandlátir á íslensk fræði.

Mjög svo þyrfti að efla tengsl við guðina. Það er einmitt þaðan sem hafa þegið málsnilldina mest. Magnanin þaðan hefir skapað málsnilld Íslendinga í fornöld mest og býr þjóðin að því enn og tengslin við uppsprettuna er það, sem allt veltur á að sé í góðu lagi. Án þess er hætta á að málið úrkynjist og fletjist út í óþekkjanlegt afskræmi hins guðlega stofns.

Margt er nú undir því komið, að þjóðin skilji þýðingu málsins fyrir þroska sinn og hafi vit á að varðveita óbrenslað guðamálið.

Nú er ég ekki að tala um, að hver einstaklingur er háður umhverfinu og áhrifum þess og erfitt er að sporna við ýmsum áhrifum eins og háttar til á landi ykkar. En hafi menn vit á að tileinka sér það sem best hefur verið hugsað á íslensku máli, þá er hættan lítil á að málið tapist. Án þess að menn hugsi djarft og stórt, koðnar hugsunin niður og málið um leið verður flatneskja.

Þeir eru hérna nálægt mér fræðimenn og ættingjar og vinir. Það mætti tala langt mál um hvern einn. En það er víst, að þeir hafa allir einlægan hug á að styðja Íslendinga til forystuhlutverks síns, er svo áriðandi er að þjóðin verði vaxin, því það hlutverk er hið stærsta, er nokkurri þjóð er ætlað, að koma fram þekkingu lífstefnumála, án þess að lítið sé gert úr nokkurri þjóð annarri. Þetta er Íslendingum þó ætlað. En hvort þeir reynast þessu hlutverki vaxnir sem skyldi, er það sem eftir á að sýna sig. Um það er ég ekki fær að spá. Að Íslendingar eru fáir, er ekki nægileg ástæða til að telja þá þýðingarlausu.

Þakka ykkur fyrir. Verið sæl.

Gunnar Hjörvar

(Ritaði eftir segulbandsupptöku)

Sambandstal í einrúmi

Helgi Pjeturss. Sæll og blessaður.

Hugsum til þín mörg frá hnetti þessum og reynum til að magna þig og eins og mögulegt er. Er vandi mikill að vísu að koma fram þessum áhrifum meðal ykkar. Og samböndin eru misjafnlega greið til einstaklinganna. Og það er mjög áriðandi að í þessum efnum geti orðið sem mestar framfarir.

Það sem skortir svo mjög er réttur skilningur og þekking á lífaflinu og lögmálum þess. En til þess að vita meira um þessi efni þarf að rannsaka lífgeislunina eins og vel má gera á náttúrurfræðilegum grundvelli. Og það skal sýna sig að þegar slíkar rannsóknir eru nógu langt komnar munu verða hinar furðulegustu framfarir í þekkingu á lífinu og tilverunni.

Á slíkum hnetti sem jörðin er, þar eru mennirnir lítið farnir að átta sig á náttúrulögmálum þeim, er mesta þýðingu hafa fyrir mannlegan þroska. En með því að rannsaka nógu vandlega huga sinn og það sem þar gerist, mána til skilnings á undirstöðuatriðum ýmsum í líffræði, sem hin mesta nauðsyn er á, að menn séu ekki ófróðir um. Og það má með sannni segja, að sú uppgötvun mín er ég gerði á eðli svefns og drauma, beri með sér einkenni sannleikans. Fullyrði ég sem vísindamaður að hér sé umhina þýðingarmestu uppgötvun að ræða. Með því að láta á sér skiljast að í svefni og draumi er um samband að ræða við aðra meðvitund er færð út þekking mannsins á tilverunni á miklu víðtækari hátt en dæmi eru til áður í sögu þekkingarinnar. Nýall er vitgeislunin sem vísar mannkyninu fram á leið framfarar og fullkornunarinnar.

Vísindin sem skapa mannkyninu svo mikla framfararmöguleika, eru lítils metin á slíkum stöðum sem jörðin er, og vanalega því minna metin sem þau eru merkilegri. Nýall bendir mannkyninu til stjarnanna, sýnir fram á sambandið milli lífsisins á stjörnunum og hvernig það samband er lífslögmál. En til þess að komast hér til fulls á vísindaleiðina þurfti að uppgötva eðli svefns og

drauma, uppgötva lífgeislunina. Það sýnist mönnum í fyrstu með ólíkindum, að lífsband eigi sér stað um slíkar órafjarlægðir sem í geimnum eru hnattanna á milli.

Hér varð ég að hætta að taka á móti áður en H.P. hafði lokið máli sínu.

Sveinn Haraldsson,

5. apríl 1976.

(Skráð jafnóðum hver setning).

Fyrir miðilsmunn

Miðill: Sveinn Haraldsson.

Fram kom: Njáll.

Njáll.

Heil og sæl.

Heiti Njáll á Bergþórshvoli.

Á mínum dögum, var loft lævi blandið og ég átti vini og óvini. Og voru vinirnir úrvalsmenn. En á þeim tímum þurfti vini, ef menn áttu að halda lífi.

Sagan hefur varðveist af mér og samtíðarmönnum í stórum dráttum sannsöguleg. Ég er ekki að segja, að ekkert sé þarna með öllu óhrekjanlegt, en í höfuðdráttum sannsöguleg frásögn.

Íslenska þjóðin getur miklu góðu til leiðar komið samstillt og samtaka um málstað Nýals, málstað mannkynsins.

Það er víst ekki laust við það menn hugleiði Njálssögu og tildrög hennar, höfundarheiti og annað. Með samstillingu um málstað Nýals opnast leiðir til að fá rétt svör við slíkum spurningum og þar getur opnast leið þannig fyrir en varir.

Framliðnir Fornmenn vilja fræða um margt. En sérstök skilyrði þurfa að vera fyrir hendi og sérstakt hugarfar manna á meðal. Það þarf undirbúning og það þarf að treysta Fornmönnum og sambandinu við þá.

Og ekki (get) ég annað en óskað þjóðinni, að hún beri gæfu til að stilla til sambands við höfund Njálssögu. Ég veit þetta er brennandi spurning (Hver skrifaði) í hugum margra og vona, að menn fái rétt svar að lokum.

Þakka ykkur fyrir.

Verið þið sæl.

27. 5. 1985.

Gunnar Hjörvar

(ritaði eftir segulbandsupptöku).

Til lesenda Lífgeisla

Því miður hefur allof langur dráttur orðið á útkomu Lífgeisla fyrir þetta ár, 1985 og hafa valdið ýmiss óvæntir erfiðleikar, sem ekki var hægt að sjá fyrir, eða ráða bót á. Biðjum við lesendur afsökunar.

Enn sem fyrr óskum við, sem að ritinu stöndum, eftir því, að sem flestir velunnarar ritsins reyna að afla sem flestra *nýrra áskrifenda*, en útkoma þess er mjög undir fjölda áskrifenda komin, sem og *skilvísri greiðslu* hvers og eins.

Eindregið óskum við eftir, að sem flestir sendi okkuur *efni* í blaðið til birtingar enda munu margir luma á einu og öðru, sem betra er að birta en gleyma. Draumar, fyrirbæri ýmisskonar, og greinar, eru meðal efnis sem vel væri þegið.

Dálítill hækking verður á áskriftargjaldi fyrir þetta ár, 1985, eða upp í 450,00, og veldur því vaxandi verðbólga á öllum sviðum, sem kemur niðu á allri útgáfu, ekki síður en á öðru.

Kæru lesendur! Munið að rit þetta er gefið út af hugsjónaástæðum eingöngu. Aðstandendur þess álíta að hér sé verið að vinna að framgangi hins mikilvægasta málefnis, að styðja hinn mikla mátt í því ætlunarverki, að koma á nánara sambandi milli mannkyns jarðar okkar og lengra komins lífs á öðrum stjörnum alheims. Við álitum að hér sé mikilvægt verk að vinna og að einmitt Íslendingar ættu að gegna hér forustuhlutverki. Því er stuðningur sem flestra ómetanlegur.

Fyrir hönd ritstjórnar,
Ingvar Agnarsson.

Leiðrétting:

Í greininni „Fjarhrif og almenn vísindi“ — Lífgeislar nív. 1984 nr. 49 bls. 126 — línu 44 — stendur „frá erfðafræðilegu sjónarmiði“ en á að vera frá **aðferðafræðilegu** sjónarmiði (haft eftir Þorsteini Vilhjálmsyni, prófessor).

Lífgeislar

Útgefandi: FÉLAG NÝALSSINNA
Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765, Pósthólf 1159, 121 Reykjavík
Ritstjóri: INGVAR AGNARSSON

EFNISYFIRLIT

ERINDI OG GREINAR:

Úr furðuheimi vetrarbrautanna. (Sjá forsíðu- mynd) I.A.....	Bls. 2
Háskinn mikli. — Draumvitrun Úlfs Ragnars- sonar, læknis.....	- 3
I. Hið mikla hlutverk. — Björgun mannkyns.....	- 3
Norðurljósin fögru. — Afstaðin kjarnorkustyrjöld. — Hið hlýja loftslag. — Fjarskiptatilraunir. — Ljósið bjarta á himni. — Fljúgandi furðuhlutur. — „Telesonda“ og „Telepathy“. — „Endalokin eru komin“. — „Þú ert fyrsti maðurinn“. — Geim- skipsverurnar björtu.	
II. Hugleiðingar í sambandi við fyrrgreinda vitrun.....	- 8
III. Skýringartilraunir I.A.....	- 10
Hugleiðingar um draumvitrun Úlfs Ragnarssonar. — Draumar eru samtímafyrirbæri. — Verurnar björtu. — Alheimsráð hnattanna. — Hinn illi aðdragandi heimslita. — Forustumaður um sambandsskilning. — Varandi fjarsamband milli draum- gjafa og draumþega. — Hlutverk Íslendinga í björgun mankyns. — Hið mikla samband“.	
IV. Um draumvitrun Úlfs Ragnarssonar. Þ.G.....	- 15
Þorkell máni. Halldór Pétursson, rithöfundur..	- 17
Mánaljótur og Fróðárundrin. Þorst. Guðjónss..	- 20
Óbætanleg skaðsemi heimsslita. (með mynd af krabbaþokunni) I.A.....	- 23
Sadatoni, tvístirnið furðulega(með mynd)I.A.	- 25
LJÓÐ:	
Stjarnan týnda. I.A.....	- 26
Harmur Freys.I.A.....	- 27
DRAUMAR:	
Dómarar og dvergmenni. Þorsteinn Guðjónss..	- 28
Draumur um svif og lækningamátt. I.A.....	- 30
Draumur um geislandi mannshöfuð. G.G.....	- 31
SAMBANDSFUNDIR:	
Fyrir miðilsmunn. Gunnar Hjörvar ritaði.....	- 32
Konráð Gíslason. — Helgi Pjeturs. — Njáll. Sambandstal í einrómi. Sveinn Haraldsson.	
TIL LESENDA LÍFGEISLA.....	- 35
MYR:	
Spekiorð úr kenningum Palesar.....	- 16
Spekiorð úr ljóðum Einars Benedikts.....	- 19
Alhæfingar. S.S.T.....	- 22
LEIÐRETTING.....	- 35